



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS
Alþingi
Erindi nr. P 128/1277
komudagur 24.2.2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 50. mál.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagna frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 50. mál.

Alþýðusambandið fagnar framkomnu frumvarpi um leið og við bendum á að ASÍ gagnrýndi í umsögn sinni um frumvarp til nógildandi laga, 2. mars 2000, stöðu og hlutverk kæruneftndar jafnréttismála. Um það sagði í umsögn ASÍ:

1. Kæruneftnd jafnréttismála í stað úrskurðarneftndar jafnréttismála
Í 4. – 6. gr. frumvarpsins er fjallað um kæruneftnd jafnréttismála, sem komin er inn í stað úrskurðarneftndar jafnréttismála skv. fyrra frumvarpi. Ljóst er að samfara þessari breytingu hefur staða nefndarinnar og möguleg áhrif verið veikt til muna frá því sem var í fyrra frumvarpi, þar sem hún á nú að gefa „rökstutt skriflegt álit“ í stað þess að úrskurða um brot á jafnréttislögnum.

Samhliða hefur ákvæðið er varðar rétt og möguleika kæruneftndarinnar, áður úrskurðarneftndarinnar, til að afla eða krefjast upplýsinga frá einstaka fyrirtækjum, stofnunum, félagasamtökum og öðrum um það er nauðsynlegt þykir við athugun einstakra mála, verið veikt til muna frá fyrri frumvarpsdrögum.

Það er mat Alþýðusambands Íslands að þær breytingar sem gerðar hafa verið frá fyrra frumvarpi með því að fella út úrskurðarneftndina og setja inn kæruneftnd, hliðstætt þeirri sem er í nógildandi lögum, feli í sér mikla afturför sem beri að leiðrétta, enda miklar líkur til að sú leið sem frumvarpið gerir ráð fyrir muni alls ekki þjóna því markmiði sem henni er ætlað.

Í ljósi framanritaðs leggur Alþýðusambandið ríka áherslu á að ákvæði fyrra frumvarps um úrskurðarneftnd verði tekin inn í frumvarpið áður en það verður að lögum.

Alþýðusamband Íslands leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

Halldór Grönvold,
aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ